

# Fundargerð XXIII. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 13. mars 2009

Árið 2009, þann 13. mars var landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið á Hilton Reykjavík Nordica. Landsþingið hófst klukkan 9:00.

## 1 Þingsetning

Halldór Halldórsson formaður sambandsins setti þingið og bauð þingfulltrúa velkomna. Ræða hans er birt á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins og er vísað til ræðunnar þar um efni hennar.

## 2 Kosning starfsmanna þingsins

- a) Kosning tveggja þingforseta. Kosin voru: Elín R. Líndal Húnaþingi vestra og Þorvaldur Guðmundsson Sveitarfélaginu Árborg.
- b) Kosning tveggja þingritara: Kosin voru: Eydís Þ. Indriðadóttir Ásahreppi og Gylfi Þorkelsson Sveitarfélaginu Árborg.
- c) Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar. Kosin voru: Úlfar Thoroddsen, forseti bæjarstjórnar í Vesturbyggð, Jónína Rós Guðmundsdóttir, formaður bæjarráðs Fljótshéraðs, og Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi Reykjavíkur.

## 3 Ávarp ráðherra sveitarstjórnarmála

Kristján L. Möller samgönguráðherra flutti ávarp og fjallaði um verkefni framundan og viðreisn samfélagsins. Hann ræddi flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga og undirritun samkomulags þar um í dag. Kristján lýsti því yfir að þegar yrði hafin vinna við endurskoðun laga um tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þá kynnti hann ætlun sína að setja á stofn starfshóp um jöfnun kynjahlutfalls í sveitarstjórnnum. Kristján ræddi einnig lágmarksstærð og sameiningar sveitarfélaga og verður settur á stofn samstarfshópur sveitarfélaga og ríkisins til að vinna tillögur um þetta mál.

## 4 Verkaskiptamálin – staðan nú og hvað er framundan

Sigrún B. Jakobsdóttir fór yfir stöðu mála í málefnum verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga. Hún ræddi um heildstæða yfirfærslu verkefna og lagabreytingar þar að lútandi. Sigrún lagði áherslu á gott samstarf ríkis og sveitarfélaga og samvinnu þeirra við stéttarfélög í undirbúningi verkefnaflutnings. Að öðru leyti er vísað í glærur með punktum úr erindinu á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins varðandi efni þess.

## 5 Sveitarfélögin og ESB

Smári Geirsson, formaður alþjóðanefndar sambandsins og bæjarfulltrúi í Fjarðabyggð, fjallaði um áhrif ESB og EES samningsins á sveitarfélögin á Íslandi. Hann lagði áherslu á þrjá meginþætti í umræðunni um hugsanlega Evrópusambandsaðild Íslands:

- 1) Faglega umræðu um málið.

- 2) Skilning á mismuninum á EES samstarfi og ESB aðild.
- 3) Áhrif hugsanlegrar aðildar eru óljós þar til samningsmarkmið eru klár og niðurstöður samningaviðræðna liggja fyrir.

Þá fjallaði Smári um byggðastefnu Evrópusambandsins og þá mörgu byggðasjóði sem sambandið rekur. Að lokum dró Smári saman helstu kosti og galla ESB aðildar, samkvæmt skýrslu sérfræðinga Sambands íslenskra sveitarfélaga sem kom út skömmu fyrir þingið og send var landsþingsfulltrúum.

## **6 Hugmyndir starfshóps um aukið lýðræði í sveitarfélögum**

Dagur B. Eggertsson fór yfir hugmyndir starfshóps um aukið lýðræði í sveitarfélögum með það að markmiði að auka traust hins almenna íbúa á stjórnýslunni í nýrri samfélagsgerð. Í starfshópnum sátu auk Dags B. Eggertssonar Magnús B. Jónsson og Soffía Lárusdóttir. Um efni erindisins er að öðru leyti vísað í glærur sem birtast á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins.

## **7 Fjármál sveitarfélaga fjárhagsáætlanir og aðgerðaáætlanir**

Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Árborg, fjallaði um áhrif efnahagshruns á rekstur sveitarfélaga, þjónustu sveitarfélaganna við þessar aðstæður við íbúana, en mikil umræða hefur verið um hvað er „grunnþjónusta“ og hvernig „öryggisnet íbúanna“ verði best riðið. Ragnheiður ræddi aðgerðaáætlanir sveitarstjórna og forgangsroðun verkefna. Hvenær verður hagræðing í rekstri til skaða og rífur gat á fyrrnefnt „öryggisnet“? Í lokin talaði Ragnheiður um samstarf sveitarfélaganna og sambandsins annars vegar og sveitarfélaga og ríkis hins vegar, benti á ýmis atriði sem sambandið þyrfti að taka á sérstaklega til að aðstoða sveitarfélögin sem og að standa sig í hagsmunagæslu sveitarfélaganna gagnvart ríkinu.

## **8 Stefnumörkun sambandsins – Endurmat verkefna og endurskoðun aðgerðaáætlunar**

Karl Björnsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, lagði í erindi sínu áherslu á nauðsyn skýrrar stefnu í starfi sambandsins og nauðsyn þess að stöðug endurskoðun fari fram á stefnunni í takt við breyttar aðstæður í samfélaginu. Glærur með punktum úr erindinu eru birtar á upplýsinga- og samskiptavef sambandsins.

## **9 Álit kjörbréfanefndar**

Úlfar Thoroddsen kynnti álit kjörbréfanefndar svohljóðandi:

*Kjörbréfanefnd hefur farið yfir þau kjörbréf sem borist hafa vegna breytinga sem orðið hafa á kjöri sveitarfélaganna á landsþingsfulltrúum frá síðasta landsþingi. Nefndin gerir ekki athugasemd við kjörbréfin. Rétt til setu á landsþinginu eiga 154 fulltrúar frá 78 sveitarfélögum. Mættir eru 103 fulltrúar frá 66 sveitarfélögum en alls tilkynntu þátttöku 130 fulltrúar frá 76 sveitarfélögum. Þá eru mættir á landsþingið 47 fulltrúar með málfrelsi og tillögurétt, samkvæmt 7. gr. laga sambandsins. Starfsmenn sambandsins gera*

*enn og aftur ítrekaðar athugasemdir við það hve seint stór hluti landsþingsfulltrúa tilkynnir þátttöku á landsþingið, en það skapar mikla erfiðleika við undirbúning þess.*

Hádegishlé var gert kl. 11:50-13:00

## **10 Niðurstöður umræðuhópa og tillögur**

Eftir hádegishlé voru 5 umræðuhópar að störfum. Formenn þeirra gerðu grein fyrir umfjöllun hópanna.

- a) Sigrún Björk Jakobsdóttir greindi frá niðurstöðum umræðuhóps um verkaskipti ríkis og sveitarfélaga. Fram kom stuðningur við áframhaldandi undirbúning á flutningi málefna aldraðra og fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga. Í því liggja tækifæri til samþættingar og sparnaðar. Lögð var áhersla á vandaðan undirbúning og að brýnt væri að taka einnig tillit til sjálfseignarstofnana. Bent var á slæma stöðu framkvæmdasjóðs fatlaðra. Bent var á að við skilgreiningu á þjónustusvæðum væri hægt að miða við atvinnusvæði ekki síður en íbúafjölda.
- b) Smári Geirsson gerði grein fyrir umræðum um ESB og sveitarfélögin. Margar spurningar vöknudu í hópnum. Til dæmis hvort hægt sé að ræða þessi mál án þess að taka með sjávarútvegsmál og landbúnaðarmál? Hvernig er hægt að tryggja byggð í dreifðum sveitum? Þarf að stokka algerlega upp núverandi sveitarstjórnarstig á Íslandi? Hver borgar skrifræðið og hversu þungur baggi verður það? Nýta Íslendingar nægjanlega vel tækifæri sín innan EES til hagsmunagæslu? Hópurinn var sammála því að sveitarstjórnarstigið verði að móta samningsmarkmið fyrir viðræður um aðild að ESB.
- c) Dagur B. Eggertsson hópstjóri greindi frá niðurstöðum hóps sem fjallaði um aukið lýðræði í sveitarfélögum. Hópurinn lagði fyrir þingið tillögur um siðareglur, kjör sveitarstjórnarmanna og kjördag sem skráðar eru síðar í fundargerð um leið og þær verða afgreiddar.
- d) Fjármál sveitarfélaga. Hanna Birna Kristjánsdóttir sagði frá umræðum. Í hópnum var lögð áhersla á nauðsyn samstöðu og samstarfs milli sveitarfélaga á nýjum og erfiðum tímum. Rætt var um „grunnþjónustu“ sem væri víðara hugtak en „lögbundin þjónusta“. Miklar áhyggjur komu fram af starfsmannámálum og rekstri í öllum sveitarfélögum. Hópurinn lagði fram ályktun sem tekin verður til afgreiðslu síðar á fundinum.
- e) Svandís Svavarsdóttir greindi frá niðurstöðu umræðuhóps um stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga. Lögð var áhersla á að efla samstarf ríkis og sveitarfélaga. Efla starf Jónsmessunefndar og hefja starf tekjustofnanefndar. Lögbinda þyrfti skyldur ríkisins og samskiptareglur ríkis og sveitarfélaga. Beina efnahagssamráði að forsætisráðuneyti og þróa áfram fjármálareglur fyrir sveitarfélög. Sveitarfélögin standi saman í kjaramálum og LN og Reykjavíkurborg vinni saman í starfsmáttálum. Kanna þurfi færslu verkefna LN til stjórnar sambandsins. Skapa þarf samskiptavettvang um velferðarmál og

skipulagsmál með skipun í nefndir þar um. Hvatt er til sameiningar sveitarfélaga. Sameining sveitarfélaga verði frjáls en ekki lögbvinguð.

## 11 Almennar umræður og afgreiðsla tillagna

Þessir tóku til máls: Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir Hafnarfirði, Valgarður Hilmarsson Blönduósi, Inga Sigrún Atladóttir Sveitarfélaginu Vogum, Svandís Svavarsdóttir Reykjavíkurborg, Jón Jónsson Eyjafjarðarsveit, Dagur B. Eggertsson Reykjavíkurborg og Gunnar Einarsson Garðabæ.

Bornar voru upp eftirfarandi ályktanir fyrir þingið:

- 1) Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga mælir með því að sveitarstjórnir setji sér siðareglur. Landsþingið samþykkir að á vegum sambandsins verði kynntar hugmyndir að fyrirmyndum að siðareglum sveitarstjórna. Landsþingið samþykkir að á vegum sambandsins verði hugað að því að setja á fót sameiginlega siðanefnd sveitarfélaga. Landsþingið samþykkir að unnið verði á vegum sambandsins að tillögum að nauðsynlegum lagabreytingum í þessum efnum.

Samþykkt samhljóða.

- 2) Landsþingið samþykkir að stjórn sambandsins láti vinna málefnaleg viðmið um kjör sveitarstjórnarmanna sem taki mið af umfangi og ábyrgð starfsins og stærð sveitarfélaga.

Samþykkt samhljóða.

- 3) Landsþingið beinir því til stjórnar sambandsins að láta taka saman yfirlit um kosti og galla mismunandi leiða til að efla lýðræði og stuðla að beinni aðkomu og þátttöku íbúa við stjórn og ákvarðanatöku á vettvangi sveitarstjórna. Stefnt verði að því að yfirlitið leggi grunn að viðtæku samráði, tillögugerð og hugsanlegum lagabreytingum í tæka tíð fyrir sveitarstjórnarkosningar 2010.

Samþykkt samhljóða.

- 4) Landsþingið beinir því til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga að gerð verði athugun/greining á viðhorfum íbúa til mikilvægustu verkefna sveitarfélaganna. Því er einnig beint til stjórnarinnar að sambandið samræmi aðgerðir og aðstoði sveitarfélögin við að efna til samráðs við sem flesta íbúa um hvernig breyttri stöðu sveitarfélaganna verður best mætt.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, nema einu mótatkvæði.

## 12 Þingslit

Halldór Halldórsson tók að lokum til máls, þakkaði fundarmönnum og starfsmönnum sambandsins þeirra framlag og sleit þingi kl. 15:40.

Gylfi Þorkelsson  
Eydís Þ. Indriðadóttir